

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 87/2003**

**frá 11. júlí 2003**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2003 frá 20. júní 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1788/2001 frá 7. september 2001 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd ákvæðanna er varða skoðunarvottorð vegna innflutnings frá þriðju löndum skv. 11. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1113/2002 frá 26. júní 2002 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1788/2001 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd ákvæðanna er varða skoðunarvottorð vegna innflutnings frá þriðju löndum skv. 11. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zze (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/840/EB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„54zzf. **32001 R 1788**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1788/2001 frá 7. september 2001 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd ákvæðanna er varða skoðunarvottorð vegna innflutnings frá þriðju löndum skv. 11. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 257, 9.10.2003, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 51, 9.10.2003, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 243, 13.9.2001, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 168, 27.6.2002, bls. 31.

landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum (Stjtið. EB L 243, 13.9.2001, bls. 3), eins og henni var breytt með:

- **32002 R 1113**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1113/2002 frá 26. júní 2002 (Stjtið. EB L 168, 27.6.2002, bls. 31).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Tilvísanir í reglugerðinni til annarra gerða teljast gildar að því marki og í þeirri mynd sem þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn. Þó skilu tilvísanir til ákvæða um tollamál í 1. gr. teljast gildar að því marki sem það er nauðsynlegt til að ákvarða gildissvið reglugerðarinnar.“

2. gr.

Texti reglugerða (EB) nr. 1788/2001 og 1113/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. júlí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júlí 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*Prins Nikulás af Liechtenstein*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*